

Reglur Ríkisútvarpsins ohf. um ritstjórnarlegt sjálfstæði

Öllum sem starfa á ritstjórnnum RÚV, fréttastofu eða dagskrárdeildum, ber í daglegum störfum sínum að virða þá meginreglu að RÚV er sjálfstæður fjölmiðill sem starfar í almannabágu. RÚV starfar samkvæmt lögum og þjónustusamningi við ríkisvaldið. Í störfum sínum lúta fréttamenn og dagskrárgerðarmenn einungis því ritstjórnarvaldi sem útvarpsstjóri deilir með samstarfsmönnum sínum.

Útvarpsstjóri setur starfsmönnum sem vinna að fréttaskrifum, frétttaflutningi og tengdu dagskrárefni reglur um fréttir og dagskrárefni tengt þeim í RÚV. Þar er kveðið á um skyldur RÚV og starfsmanna þess gagnvart viðfangsefnum, heimildarmönnum og viðmælendum, t.d. um vandvirkni, óhlutdrægni og sanngirni. Þeir starfsmenn sem lúta þessum reglum skulu af kostgæfni tileinka sér efni þeirra reglna RÚV um fréttir og dagskrárefni tengt þeim, sem í gildi eru hverju sinni. Þær voru síðast gefnar út í október 2012.

Í 13. gr. nefndra reglna er boðið að fréttastofa og dagskrárdeildir skuli starfa sem sjálfstæðar ritstjórnir. Þá er eiganda Ríkisútvarpsins og stjórn þess bannað að hlutast til um frétttaflutning eða aðra dagskrá.

Fréttastjóri og dagskrárstjórar fara með ráðningarvald, annast verkefnaval og deila út verkefnum á ritstjórnnum sínum í umboði útvarpsstjóra. Þannig miðla þeir verkefnum og ábyrgð til einstakra ritstjóra, vaktstjóra eða efnisstjóra einstakra þátta, dagskrárliða eða fréttavakta.

Í vinnureglum þeim sem gilda um fréttir og dagskrárefni tengt þeim í RÚV er fjallað um siðareglur og hagsmunaárekstra. Þessar reglur veita mikilvægar leiðbeiningar um starfshætti á RÚV – ekki aðeins fréttamanna heldur einnig annarra sem vinna við dagskrá.

Íslenska ríkið er eigandi alls hlutafjár í Ríkisútvarpinu ohf. Starfsmenn skulu vera sér meðvitaðir um þá staðreynd að fyrirvarsmenn eiganda eru margir og tengdir mörgum ríkisstofnunum. Þeim skal öllum, hvaða stöðu sem þeir kunna að gegna hjá íslenska ríkinu eða stofnunum þess, teljast fyrimunað að leitast við, beint eða óbeint, að hafa áhrif á frétttaflutning eða aðra dagskrárgerð. Sama gildir um aðra utanaðkomandi aðila.

Verði starfsmaður fyrir því að einhver hafi í frammi tilburði til eða leitist við að hafa áhrif á frétttaumfjöllun eða efnistöð í dagskrárgerð, skal hann tafarlaust tilkynna næsta yfirmanni sínum þar um og greina honum skriflega frá málavöxtum.

Yfirmaður sem fær tilkynningu starfsmanns undir sinni stjórn um að utanaðkomandi aðili leitist við að hafa áhrif á frétttaflutning eða efnistöð í dagskrárgerð skal þegar í stað kynna útvarpsstjóra málsatvik.

Útvarpsstjóri skal halda sérstaka skrá um tilkynningar þær sem hér um ræðir og bóka í þá skrá, ákvörðun sem hann tekur í hverju tilfalli. Ákvörðun hans skal, nema sérstakar ástæður,

sem hann tilgreinir í bókun skv. þessu, leiði til annars, lúta að því að öllum sem vinna að fréttum og dagskrárgerð séu kynntir málavextir.

Verði útvarpsstjóri fyrir áreitni af þeim toga sem hér um ræðir skal hann gera formanni stjórnar skriflega grein fyrir málavöxtum og þeir sameiginlega ráða lyktum máls skv. fyrirmælum sem fram koma í málsgreininni hér að ofan.

Alvarleg brot starfsmanns RÚV á reglum um fréttir og dagskrárefni geta leitt til slita á ráðningarsambandi en málefnalegar ástæður þurfa ætíð að liggja að baki brottrekstri starfsmanns. Telji starfsmaður ástæður brottrekstrar ekki málefnalegar á hann rétt á skriflegri skýringu. Auk þess gilda um vinnusambandið ákvæði hlutaðeigandi kjarasamnings og almennar reglur íslensks vinnumarkaðsréttar.